

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Deiliskipulag Höfða og Ytrivoga.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti 13. janúar 2021 deiliskipulag Höfða og Ytrivoga.

Tilgangur deiliskipulagsgerðarinnar er meðal annars að bæta umhverfi og útivistarsvæði Höfða og Ytrivoga, með því að móta stefnu um framtíð svæðisins, uppbyggingu stíga og áningarstaða og ákvarða forsendur fyrir framkvæmdum, viðhaldi og rekstri svæðisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Skútustaðahrepps, 10. júní 2021,

Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2021